

**528. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. október 2019
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Smári Karlsson aðalmaður og Lína Björg Tryggvadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magni Hreinn Jónsson.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Byggingarleyfisfyrirspurn út af viðbyggingu við Hótel Ísafjörð - 2019100039

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf., leggur inn fyrirspurn um byggingarleyfi f.h. Ísbjargar Fjárfestingar ehf., ásamt fyrirspurnarupphættum frá Andrúum arkitektum ehf. dags. 3. okt. og fyrirspurnarblaði dags. 09.10.2019

Fyrirspurn er um, hvort heimilt sé að byggja einnarhæðar viðbyggingu við norðurgötu, ásamt breytingum á 1. hæð.

Þ.e. að nýta þegar sökkul og plötu sem eru til staðar og voru ætluð sem hluti af þeirri byggingu sem nú er.

Skipulagsfulltrúa falið að skoða erindið með hliðsjón af gildandi deiliskipulagi.

2. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði á Þingeyri - 2019100042

Viðar Magnússon sækir um lóð að Sjávargötu 4, Þingeyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 10.10.2019

Lóð við Sjávargötu 4, Þingeyri er ekki laus til úthlutunar þar sem lóðin er ekki skilgreind sem byggingarlóð í deiliskipulagi. Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Hafnarstjórnar á breyttri nýtingu lóðarinnar.

3. Umsókn um framkvæmdaleyfi. Göngustígur meðfram Hnífsdalsá - 2019080065

Brynjar Þór Jónasson f.h. Ísafjarðarbæjar og Hverfisráðs Hnífsdals, sækir um framkvæmdaleyfi vegna göngustígs, frá enda Bakkavegar, yfir Hnífsdalsá yfir svokallaðan Skarmpart og á landmerkjum Hrauns og Ausu, niður Eyrar og tengjast Árvöllum. Fylgigögn eru heimild landeiganda Hrauns, ásamt upphættum frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar dags. 16.10.2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar gerð stígar skv. meðfylgjandi upphættum dags. 16.10.2019

4. Æðartangi 6. Lóðarmál - 2019100086

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 6, Ísafirði. Þ.e. Arctic Oddi skv. undirritaðri umsókn dags. 14.05.2018, Vestfirskir Verktakar skv. undirritaðri umsókn dags. 02.07.2018, Nora Seafood skv. undirritaðri umsókn dags. 27.06.2019.

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

5. Æðartangi 8. Lóðarmál - 2019100087

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 8, þ.e. Arnar Kristjánsson f.h. Sólbergs ehf., skv. umsókn dags. 10.12.2018, Garðar Sigurgeirsson f.h. Vestfirskra Verktaka skv. umsókn dags. 02.07.2018, Magnús Jónsson f.h. Gömlu Spýtunnar skv. umsókn dags. 21.06.2018, Einar Birkir Sveinbjörnsson f.h. Einars Byggis ehf skv. umsókn dags. 21.06.2018, Shiran Þórisson f.h. Arctic Odda skv. umsókn dags. 14.05.2018 og Hallvarður Aspelund f.h. Nora Seafood skv. umsókn dags. 27.06.2019.

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

6. Æðartangi 10. Lóðarmál - 2019100088

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 10, þ.e. Arnar Kristjánsson f.h. Sólbergs ehf., skv. umsókn dags. 10.12.2018, Garðar Sigurgeirsson f.h. Vestfirskra Verktakar skv. umsókn dags. 02.07.2018, Magnús Jónsson f.h. Gömlu Spýtunnar skv. umsókn dags. 21.06.2018, Einar Birkir Sveinbjörnsson f.h. Einars Byggis ehf skv. umsókn dags. 21.06.2018, Shiran Þórisson f.h. Arctic Odda skv. umsókn dags. 14.05.2018 og Hallvarður Aspelund f.h. Nora Seafood skv. umsókn dags. 27.06.2019.

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

7. Æðartangi 12. Lóðarmál - 2019100089

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 12, þ.e. Magnús Jónsson f.h. Gömlu Spýtunnar skv. umsókn dags. 21.06.2018, Einar Birkir Sveinbjörnsson f.h. Einars Byggis ehf skv. umsókn dags. 21.06.2018, Shiran Þórisson f.h. Arctic Oddi skv. umsókn dags. 14.05.2018 og Garðar Sigurgeirsson f.h. Vestfirskra Verktaka skv. undirritaðri umsókn dags. 02.07.2018

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

8. Æðartangi 14. Lóðarmál - 2019100090

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 14, þ.e. Magnús Jónsson f.h. Gömlu Spýtunnar skv. umsókn dags. 21.06.2018, Einar Birkir Sveinbjörnsson f.h. Einars Byggis ehf skv. umsókn dags. 21.06.2018, Shiran Þórisson f.h. Arctic Odda skv. umsókn dags. 14.05.2018 og Garðar Sigurgeirsson f.h. Vestfirskra Verktaka skv. undirritaðri umsókn dags. 02.07.2018

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

9. Æðartangi 16. Lóðarmál - 2019100091

Eftirfarandi aðilar sækja um lóð við Æðartanga 16, þ.e. Magnús Jónsson f.h. Gömlu Spýtunnar skv. umsókn dags. 21.06.2018, Einar Birkir Sveinbjörnsson f.h. Einars Byggis ehf skv. umsókn dags. 21.06.2018, Shiran Þórisson f.h. Arctic Odda skv. umsókn dags. 14.05.2018 og Garðar Sigurgeirsson f.h. Vestfirskra Verktaka skv. undirritaðri umsókn dags. 02.07.2018

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 1.1 „Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð að lokinni auglýsingu og uppfylli skilyrði skv. 2. gr. skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Umrædd lóð var auglýst laus til úthlutunar frá og með 03.02.2016 til og með 18.02.2016, lóðin hefur ekki verið auglýst að nýju. Að svo stöddu er lóðin ekki laus til umsóknar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:55

Sigurður Mar Óskarsson

Anton Helgi Guðjónsson

Smári Karlsson

Magni Hreinn Jónsson

Brynjar Þór Jónasson

Axel Rodriguez Överby